

Skútustaðahreppur  
Guðjón Vésteinsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 25. júní 2020  
UST202006-049/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023 – Vogar 1**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 fyrir land í Vogum 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að hluti frístundabyggðar er breytt í landbúnaðarland. Á skilgreindu landbúnaðarlandi er heimilt að reisa allt að þrjú ný íbúðarhús.

Auk þess kemur fram að í almennum skilmálum aðalskipulags að heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa.

#### **Hraun og birki**

Innan skipulagssvæðisins eru hraun og birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og birkið undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram að þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og hugað að afturkræfni framkvæmda.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarnnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið og birkið í tillögunni, það komi fram hvaða leiðir verði farnar og hvaða skilmálar séu settir til þess að forðast rask hraunsins og birkisins sbr. 61. gr.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni og/eða birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufræðingur sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur